

# 221. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGINN 18. ÁGÚST 2014 KL 9:00

haldinn á Hólum, Hjaltadal.

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerðir tveggja síðustu funda.
2. Málefni Hólastiftis.
3. Málefni Skálholts:
  - a) Skálholtsjörðin - veðleyfi.
  - b) Gisti- og veitingaþjónusta.
  - c) Samráðsfundur um uppbygging ferðaþjónustu, viljayfirlýsing.
  - d) Endurskoðunarskýrsla Skálholts 2013.
  - e) Hálfis árs fjárhagsyfirlit Skálholts 2014 - samanburður við fjárhagsáætlun 2014.
  - f) Endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholts 2014.
  - g) Bókasafnið í Skálholti.
4. Fasteignir:
  - a) Ráðning í tímabundið starf á fasteignasviði.
  - b) Sala fasteigna (Eyrarbakki, Austurvegur í Hrísey, Skólavegur 38, Keflavík (vegna sölu á Kapellu Ljóssins)).
  - c) Miðaldaskáli á Mosfelli, Mosfellssveit.
5. Fjármál:
  - a) Kirkjumálasjóður.  
Hálfis árs fjárhagsyfirlit Kirkjumálasjóðs 2014 samanburður við fjárhagsáætlun 2014  
Endurskoðuð fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2014.
  - b) Biskupsstofa/Þjóðkirkjan:  
Áætluð fjárlög Þjóðkirkjunnar 2015.  
Hálfis árs fjárhagsyfirlit Biskupsstofu 2014 samanburður við fjárhagsáætlun 2014.
  - c) Annað til kynningar:  
Ársreikningur Tónskóla þjóðkirkjunnar 2013 og endurskoðunarskýrsla 2013.  
Ársreikningur Strandarkirkju 2013 og endurskoðunarskýrsla 2013.  
Ársreikningur Strandarkirkjugarðs 2013 og endurskoðunarskýrsla 2013.
  - d) Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – beiðni um aukna fjárheimild.
  - e) Skálholtsútgáfan, styrkbeiðni.
6. Málefni prestakalla:
  - a. Garðaprestakall, Akranesi, Selfossprestakall, Eyrarbakkaprestakall, Reynivallaprestakall.
  - b. Valþjófsstaðarprestakall, kirkjujörð.
  - c. Héraðsprestur II, Kjalarnessprófastsdæmi.

7. Önnur mál:

- a) Ályktun héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra (vegna Seljaprestakalls)
- b) Tónlistarmál kirkjunnar.
- c) Kynningar-, fræðslu og útgáfusjóður.
- d) Starfshópur um stefnumótun um stjórnslu þjóðkirkjunnar.
- e) Ríkisútvarpið: Morgunbæn, Morgunandakt og Orð kvöldsins.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, sat fundinn þegar málefni Hóla voru á dagskrá. Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni Skálholts voru á dagskrá.

Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteigna, sat fundinn þegar málefni fasteigna voru á dagskrá.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerðir kirkjuráðsfunda númer 119 og 120 voru samþykktar.

---

## 2. MÁLEFNI HÓLASTIFTIS

---

Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir kynnti kirkjuráði starf vígslubiskups Hólastiftis.

Hólahátíð var á dagskrá í liðinni viku og lauk í gær. Hallgrímur Pétursson var í öndvegi á hátíðinni og var *Heimanfylgjan* eftir Steinunni Jóhannesdóttur lesin í áföngum á hátíðinni. Hallgrímsvegur var stikaður og gengu 14 manns pílgrímagöngu frá Gröf til Hóla.

Guðbrandsstofnun stendur m.a. fyrir Sumartónleikum á Hólum sem haldnir eru á hverju sumri. Guðbrandsstofnun er samstarfsverkefni Þjóðkirkjunnar, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands. Vígslubiskup þakkaði kirkjuráði fjárstyrk til stofnunarinnar.

Vígslubiskup ræddi um ástand og eignarhald húsnæðis á staðnum og starfsmannahald.

Á næsta ári, 2015, verður 200 ára afmæli Hins íslenska biblíufélags (HÍB). Starfið á Hólum á næsta ári mun markast af þeim tímamótum.

Vígslubiskup veitir Hólanefnd forstöðu.

Á haustdögum mun vígslubiskup vísitera Austurlandsprófastsdæmi.

---

## 3. MÁLEFNI SKÁLHOLTSSTIFTIS

---

a) *Skálholtsjörðin - veðleyfi.*

Kirkjuráð hefur samið um ábúð við nýja ábúendur á jörðinni Skálholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð.

Kirkjuráð samþykkti að heimila ábúendum jarðarinnar, Ásgeiri Ásgeirssyni og Jónu Þormóðsdóttur, að veðsetja jörðina Skálholt í Biskupstungum, Bláskógabyggð, til kaupa á tækjum, vélum og búpeningi. Veðleyfið heimilar að veðsetja jörðina fyrir láni ábúendanna í Landsbankanum á Höfn fyrir allt að 18 m.kr.

Kirkjuráð samþykkti að veita framkvæmdastjóra kirkjuráðs, Ragnhildi Benediksdóttur, heimild til að undirrita veðheimild sbr. ofangreint.

*b) Gisti- og veitingaþjónusta í Skálholti.*

Lagt var fram til kynningar tilboð frá Óla Jóni Ólasyni í leigu á veitinga- og gistaðstöðu í Skálholti. Í tilboðinu er reiknað með yfirtöku á rekstrinum frá og með 1. febrúar 2015, ef af verður.

Kirkjuráð samþykkti að gera tilboðsgjafa gagntilboð.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra, vígslubiskupi í Skálholti og Ásbirni Jónssyni að kynna tilboðsgjafa gagntilboð kirkjuráðs.

*c) Samráðsfundur um uppbyggingu ferðaþjónustu, viljayfirlýsing.*

Kirkjuráð bauð hagsmunaaðilum til samráðsfundar í Skálholti fimmtudaginn 14. ágúst sl. þar sem ræddar voru hugmyndir að framtíðaruppbyggingu í Skálholti. Á fundinum var lögð fram tillaga að viljayfirlýsingu, með yfirskriftinni SAMFERÐ - Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu á Skálholtsstað,

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi viljayfirlýsingu og rituðu biskup Íslands og vígslubiskup í Skálholti undir hana:

*SAMFERÐ - Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu á Skálholtsstað.*

*Biskup Íslands, Kirkjuráð, Skálholtsstaður, Gestaþjónustan ehf, Landsbréf Icelandic Tourism Fund 1, setja með yfirlýsingu þessari á stofn Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu á Skálholtsstað, skammstafað SAMFERÐ.*

*SAMFERÐ er ætlað það hlutverk að leita samstöðu um úrlausnir á því stóra verkefni að koma þjónustu við ferðafólk í Skálholti í það horf sem hæfir fjölsóttum sögu- og ferðamannastað. Með formlegum vettvangi fyrir samráð er leitast við að tryggja þeim mörgu aðilum sem bera hag Skálholts fyrir brjósti aðgang að glöggum og réttum upplýsingum um framgang mála. Meðal annarra verður sveitarstjórn Bláskógabyggðar, Skólaráði Skálholts, Skálholtssókn, Skálholtsfélaginu hinu nýja, Sumartónleikum í Skálholti, Félagi áhugafólks um byggingu Þorlákshúðar og Samtökum um söguferðaþjónustu boðin aðild að samráðsvettvanginum. Biskup Íslands kallar til samráðs þegar þurfa þykir. Hver aðili að samráðinu getur óskað eftir fundi og skal þá verða við því eins fljótt og auðið er. Hver aðili um sig ber kostnað af þátttöku sinni í samráðsfundum. Kirkjuráð ber straum af kostnaði við fundarhaldið sjálf.*

*Aðilar eru sammála um að eiga þetta samstarf við uppbyggingu ferðaþjónustustarfsemi í Skálholti sem er tileinkuð sögu og helgi staðarins. Kappkostnað verður að gera heimsókn á staðinn áhugaverða og gefandi fyrir innlenda og erlenda gesti með metnaðarfullri mannvirkjagerð, listsköpun, fræðastarfi og umhverfismótun. Skálholtsstaður er í miðju ferðamannastraums um Suðurland og hefur miklu að miðla til gesta og gangandi. Því mun*

*móttaka þeirra hafa burði til að verða mikilvægur stuðningur við öflugt trúar-, lista- og menningarstarf á staðnum.*

*Aðilar sammælast um að unnið verði að ofangreindum markmiðum á Skálholtsstað meðal annars með byggingu og rekstri menningarhúss í miðaldastíl. Þar verði komið upp verðugu kristnisögusafni og sögu- og listsýningum sem tengjast menningararfi Íslendinga. Sérstaklega verði unnið að því að efla og styrkja tónlistarstarf í Skálholti. Stefnt verði að því að hið nýja menningarhús rými fjölpætta þjónustustarfsemi til þess að mæta þörfum ferðafólks og annarra sem nýta vilja aðstöðuna. Unnið verði að þessum hugðarefnum öllum í samvinnu við færustu sérfræðinga innlenda sem erlenda, svo og í samráði við menningarstofnanir landsins.*

*Með SAMFERÐ er lýst yfir vilja aðila til þess að taka með þeim hætti sem hefur verið lýst höndum saman um uppbyggingu í Skálholti til að mæta kröfum ört vaxandi fjölda ferðamanna um upplýsingar, þjónustu og aðgengi.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að koma viljayfirlýsingunni á framfæri til viðeigandi aðila með boði um þátttöku í fundi á Biskupsstofu þriðjudaginn 9. september nk. kl. 17.

*d) Endurskoðunarskýrsla Skálholts 2013.*

Lögð var fram endurskoðunarskýrsla Skálholts 2013 og gerði fjármálastjóri grein fyrir henni.

Skriflegur samningur er ekki til um sameiginlegan rekstur milli sóknar og Skálholtsstaðar. Ágreiningsmál geta komið upp ef svo er ekki um skiptingu kostnaðar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna að slíkum samningi við sóknarnefnd Skálholtssóknar.

*e) Hálfis árs fjárhagsyfirlit Skálholts 2014 - samanburður við fjárhagsáætlun 2014.*

Lagt var fram hálfis árs fjárhagsyfirlit Skálholts 2014 og gerði fjármálastjóri grein fyrir því.

*f) Endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholts 2014.*

Lögð var fram endurskoðuð fjárhagsáætlun Skálholts 2014 og gerði fjármálastjóri grein fyrir henni. Ljóst er að um 8-9 m.kr. vantar inn í veltu miðað við áður framlagða fjárhagsáætlun.

*g) Bókasafnið.*

Vígslubiskup ræddi um bókasafnið í Skálholti. Hildur Eypórsdóttir hefur unnið að skráningu bókasafnsins í Skálholti.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra kirkjuráðs og vígslubiskupi að gera tillögu að framtíðarskipan bókasafnsins í Skálholti.

---

#### 4. FASTEIGNIR

---

*a) Starfsmannamál Biskupsstofu.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs óskaði eftir heimild kirkjuráðs til að framlengja ráðningu verkefnisstjóra á fasteignasviði.

Kirkjuráð samþykkti að framlengja ráðningu verkefnisstjóra á fasteignasviði, Bjarna Kr. Grímssonar, til áramóta vegna starfa starfshóps um framtíð prestssetra annars vegar og vegna sölu fasteigna og annarra verkefna á fasteignasviði hins vegar.

*b) Sala fasteigna.*

Sviðsstjóri fasteigna gerði grein fyrir áformum um sölu eftirtalinna fasteigna: Prestssetursins á Eyrarbakka, prestssetursins í Hrísey, Skólavegs 38 Keflavík (vegna sölu á kapellu Ljóssins).

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteigna að auglýsa prestssetrið á Eyrarbakka til sölu. Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteigna að auglýsa prestssetrið í Hrísey til sölu. Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteigna að auglýsa Skólaveg 38, Keflavík, til sölu.

*c) Miðaldaskáli á Mosfelli, Mosfellssveit.*

Erindi frá Halldóri Þorgeirssyni og Guðnýju Halldórsdóttur, Melkoti í Mosfellsdal lagt fram til kynningar. Þau óska eftir að fá að leigja spildu úr landi Mosfells til að byggja miðaldaskála og kirkju austan við afleggjarann að Mosfelli. Þau óska eftir viðræðum um hugmynd sína.

Kirkjuráð samþykkti að fela fasteignanefnd að skoða málið.

---

## 5. FJÁRMÁL

---

*a) Kirkjumálasjóður.*

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar hálfis árs fjárhagsyfirlit Kirkjumálasjóðs 2014 og samanburð við fjárhagsáætlun 2014.

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar drög að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs 2014.

*b) Biskupsstofa/Þjóðkirkjan.*

Fjármálastjóri lagði fram til kynningar drög að fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar 2015. Fjármálastjóri lagði fram til kynningar hálfis árs fjárhagsyfirlit Biskupsstofu 2014 og samanburð við fjárhagsáætlun 2014. Einnig lagði fjármálastjóri fram endurskoðaða áætlun vegna ársins 2014.

*c) Annað til kynningar.*

Lagður var fram ársreikningur Tónskóla þjóðkirkjunnar 2013 og endurskoðunarskýrsla 2013. Lagður var fram ársreikningur Strandarkirkju 2013 og endurskoðunarskýrsla 2013. Lagður var fram ársreikningur Strandarkirkjugarðs 2013 og endurskoðunarskýrsla 2013.

*d) Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – beiðni um aukna fjárheimild.*

Sviðsstjóri fasteigna lagði fram beiðni um aukafjárheimild úr kirkjumálasjóði til Löngumýrar í Skagafirði vegna afar brýnna úrbótaverkefna sem þörf er á að ráðast í hið fyrsta við fasteignina. Verkefnin lúta einkum að þáttum er snúa að viðskiptavinum fræðslusetursins Löngumýrar og að bæta starfsumhverfi starfsfólks.

Kirkjuráð samþykkti að farið verði í framkvæmdirnar og mun gera ráð fyrir fjárveitingu í fjárhagsáætlun kirkjumálasjóðs fyrir árið 2015.

e) *Styrkbeiðni frá Skálholtsútgáfunni.*

Skálholtsútgáfan hefur annast útgáfu á DVD-diskunum Daginn í dag 1, 2 og 3. Um er að ræða þrjár útgáfur af frumsömdu íslensku barnaefni sem gefið hefur verið út frá árinu 2010. Framkvæmdanefnd Skálholtsútgáfunnar óskar með beiðninni eftir fjárstuðningi við verkefnið.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að gera tillögu til kirkjuráðs að afgreiðslu beiðninnar.

---

## 6. MÁLEFNI PRESTAKALLA

---

a) *Garðaprestakall Akranesi, Selfossprestakall og Eyrarbakkaprestakall, Reynivallaprestakall.*

Rætt var um prestakallaskipan og prestsþjónustu í ofangreindum prestaköllum.

b) *Kirkjujörðin Valþjófsstaður.*

Ábúð á kirkjujörðinni Valþjófsstað lýkur 1. nóvember nk. er sóknarprestur lætur af embætti.

Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteigna að auglýsa jörðina Valþjófsstað til leigu og ábúðar frá og með 1. nóvember nk.

c) *Héraðsprestur II, Kjalarnessprófastsdæmi,*

Biskup gerði grein fyrir fyrirhuguðum flutningi sóknarprestsins í Hrísey úr embætti sóknarprests Hríseyjarprestakalls í embætti héraðsprests II í Kjalarnessprófastsdæmi.

---

## 7. ÖNNUR MÁL

---

a) *Ályktun héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystra.*

Ályktun héraðsfundar Reykjavíkurprófastsdæmis eystri frá 16. júní sl. var lögð fram til kynningar.

b) *Tónlistarmál kirkjunnar.*

Biskup gerði grein fyrir ráðningu Margrétar Bóasdóttur í starf verkefnisstjóra tónlistarmála kirkjunnar.

c) *Kynningar- fræðslu og útgáfusjóður.*

Kirkjuráð áritaði ársreikning Kynningar-, fræðslu og útgáfusjóðs vegna ársins 2013.

d) *Starfshópur um stefnumótun um stjórnsýslu þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuráð samþykkti, að tillögu fjármálahóps kirkjuráðs, að veita 500 þ.kr. úr Kirkjumálasjóði í starfshóp um stefnumótun um stjórnsýslu þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð beinir því til kirkjuþings að taka til endurskoðunar forsendur, markmið og fjárhagsáætlun starfshópsins.

e) *Ríkisútvarpið: Morgunbæn, Morgunandakt og Orð kvöldsins.*

Stjórnendur Ríkisútvarpsins hafa boðað breytingar á dagskrá Rásar 1 þar sem dagskrárliðir er tengjast bænahaldi verða teknir af dagskrá.

Rætt var um viðbrögð kirkjunnar við þessari nýju stefnu Ríkisútvarpsins.

Biskup og kirkjuráð munu senda hvatningu til útvarpsstjóra þess efnis að stjórnendur Ríkisútvarpsins endurskoði ákvörðun sína um að taka af dagskrá Rásar 1 Morgunbæn, Morgunandakt og Orð kvöldsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu 10. september nk. kl. 9:00.

Agnes M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari